

**Skýrsla stjórnar foreldrafélags leikskólans  
Vinagarðs starfsárið 2020-2021**



Foreldrafélag Vinagarðs leikskóla KFUM og KFUK var stofnað í febrúar 2001. Var félagið þá rekið á kennitölu leikskólans. Þann 14. mars 2016 var haldinn formlegur stofnfundur og í kjölfarið var félagið stofnað með eigin kennitölu.

Tilgangur félagsins er að sameina foreldra barna á Vinagarði leikskóla KFUM og KFUK og standa vörð um velferð barna á leikskólanum. Tilgangi sínum nær félagið með því að standa fyrir viðburðum fyrir börn á leikskólanum og fjölskyldur þeirra, fylgjast með starfi leikskólans og vinna náið með leikskólastjóra.

Allir foreldrar barna á leikskólanum geta verið félagar í félaginu. Félagsmenn greiða árgjald eins og það er ákveðið á aðalfundi. Þeir félagsmenn sem ekki geta, aðstæðna sinna vegna, greitt árgjald halda þó félagsréttindum sínum.

Vegna kórónuveirufarsóttarinnar var aðalfundi foreldrafélagsins árið 2020 frestað til byrjunar ársins 2021. Skýrslan frá því í fyrra var því fyrir eitt og hálf skólaár. Hér í þessari skýrslu verður því gert upp hálf ári, eða frá febrúar – september 2021.

Félagsgjald fyrir veturinn 2020-2021 var ákveðið 5.000 kr fyrir eitt barn og 7.500 kr fyrir tvö eða fleiri börn. Heimtur af félagsgjöldum voru sérlega góðar en ógreiddar kröfur voru felldar niður sjálfkrafa.

Eftirtaldir sátu í stjórn foreldrafélagsins veturinn 2020-2021 sem voru kosnir á aðalfundi félagsins 25.febrúar 2021.

Sigríður Ýr Aradóttir, formaður  
Eva Sól Jakobsdóttir, gjaldkeri  
Kristbjörg Gunnarsdóttir, ritari  
Sigrún Gunnarsdóttir, meðstjórnandi  
Ingunn Lára Ívarsdóttir, meðstjórnandi  
Margrét Ólöf Halldórsdóttir, meðstjórnandi

Auk stjórnarinnar tók María Sighvatsdóttir, leikskólastjóri, þátt í skipulagningu starfsins og situr fundi.

Starf foreldrafélagsins var með minnsta móti frá mars 2020 og var alveg út skólaárið 2021, enda erfitt að halda uppi hefðbundnu starfi í skugga kórónuveirunnar.

Í maí 2021 stóð Foreldrafélagið fyrir hópmyndum af börnunum ásamt starfsfólki og voru myndirnar seldar til styrktar foreldrafélaginu. Guðmundur Karl Einarsson sá um að taka myndirnar.

Í lok skólaárs 2021 kvaddi María Sighvatsdóttir, leikskólastjóri, Vinagarð eftir margra ára farsælt starf. Foreldrafélagið þakkar henni kærlega fyrir frábært samstarf.

Að lokum þakkar stjórn foreldrafélagsins kærlega öllum þeim sem lögðu hönd á plóg síðastliðið leikskólaár í starfi foreldrafélagsins í þágu Vinagarðs.